

Starfspróunarsjóður Félags háskólakennara á Akureyri (SFHA)

Úthlutunarreglur¹

1. Umsækjendur

1.1 Hverjir eiga rétt til styrks úr SFHA

a) Félagsmenn í Félagi háskólakennara á Akureyri (FHA) geta sótt um styrk í SFHA.

Umsækjandi þarf þessu til viðbótar að uppfylla tvö skilyrði:

i) Félagsgjald umsækjanda til FHA hafi verið greitt í a.m.k sex mánuði samfleytt á lokadegi skilafrests, sbr. d-lið í kafla 1.4;

ii) Á sama sex mánaða tímabili þarf félagsmaður að lágmarki að hafa verið í 50% starfshlutfalli að meðaltali.

b) Háskólinn á Akureyri. Sjá nánar í kafla 3.

2. Félagsmenn í Félagi háskólakennara á Akureyri

2.1 Styrkhæf verkefni

Þar sem markmið SFHA lúta að markvissri starfspróun félagsmanna FHA, sbr. 1. mgr. 3. gr. samþykktar sjóðsins, verða eingöngu verkefni styrkt sem varða annað hvort starf eða fagsvið umsækjanda, svo sem vegna kostnaðar sem stafar af:

- Skólagjöldum;
- Námskeiðsgjöldum;
- Ráðstefnugjöldum;
- Rannsóknamissurum og námsleyfum þar sem viðkomandi vinnuveitandi greiðir ekki allan ferðakostnað;
- Rannsóknasamstarfi við háskóla og rannsóknastofnanir;
- Rannsókn- náms- og starfspróunarferðum (e. study visit);
- Öðrum útlögðum ferðakostnaði, m.a. flug- og lestarfargjöldum og/eða aksturskostnaði, hótél- og gistikostnaði.

Ekki styrkhæft:

- Samgöngur innan borgar eða sveitarfélaga
- Bílaleigubílar
- Launatap
- Námsgögn
- Fæði

¹ Þessar reglur voru upphaflega samþykktar 11. janúar 2017. Hinn 12. desember 2017 var 1.1, 2.1, 2.3 a) og 2.3d), 3. og 4. breytt í núverandi horf.

- Kynnisferðir
- Tómstundanámskeið

Sjóðstjórn metur vafatilvik.

2.2 Styrkfjárhæð

Hámarksupphæð styrkja miðast við kr. 250.000 á hverjum 24 mánuðum. Hámarksstyrkur miðast við 100% starfshlutfall síðustu 6 mánuði áður en umsókn er skilað inn. Félagsmenn FHA með 50% starfshlutfall eða meira njóta styrkja í samræmi við starfshlutfall. Upphaf hins 24 mánaða tímabils miðast við fyrstu útgreiðslu styrks. Aldrei eru greiddir hærri styrkir en sem nemur framlögðum reikningum.

2.3 Umsókn og greiðsla styrks

a) Umsókn um styrk:

Umsóknæyðublöð ásamt upplýsingum um reglur sjóðsins eru aðgengileg á heimasíðu félagsins www.fha.is. Umsóknir á þar til gerðum eyðublöðum, skal senda sjóðnum rafrænt á netfang sfha@unak.is

Vanda skal frágang umsóknar og í henni skal nákvæmlega tilgreint með hvaða hætti umsækjandi hyggst verja styrknum auk annarra upplýsinga sem tilgreind eru á eyðublaðinu.

Ef umsókn lýtur að endurgreiðslu kostnaðar, sem samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum er mældur í erlendum gjaldeyri, ber umsækjanda að sýna fram á hver sá kostnaður hafi verið í íslenskum krónum.

b) Frumrit reikninga:

Greiðslur úr sjóðnum fara að jafnaði fram gegn framvísun frumrits reiknings.

c) Staðfesting á verkefni:

Auk framvísunar reiknings þarf að sýna fram á að styrkurinn mæti kostnaði við verkefnið sem sótt er um, svo sem með dagskrá eða þátttökulista. Staðfesting þarf að koma frá öðrum aðila en umsækjanda sjálfum. Nauðsynlegt er því að halda til haga öllum gögnum.

d) Skilafrestur og útborgun styrks:

Lokadagar fresta til að skila umsókn, ásamt fullnægjandi gögnum, eru 1. febrúar, 1. maí, 1. september og 1. desember ár hvert.

Styrkir úr sjóðnum eru að jafnaði greiddir út í byrjun janúar, mars, júní og október ár hvert.

Félagsmaður sem ekki hefur skilað fullnægjandi gögnum fyrir lok skilafrests á ekki rétt á að umsóknin verði afgreidd í fyrstu úthlutun á eftir.

Umsókn um styrk skal berast sjóðnum innan árs frá lokum verkefnis eða frá því að formlegt nám hófst. Með lok verkefna er átt við að lyktir þess séu endanlegar, svo sem að námskeiði sé lokið, ráðstefnu sé lokið og svo framvegis.

Þegar styrkur hefur verið greiddur inn á bankareikning umsækjanda er afgreiðslan tilkynnt honum með tölvuskeyti.

e) Tvígreiðsla eða ofgreiðsla styrks:

Ef mistök verða í afgreiðslu styrkumsóknar eða greiðslu styrks munu starfsmenn sjóðsins leitast við að leiðrétta mistök eins fljótt og hægt er. Ef umsækjandi hefur fengið tvígreiddan styrk eða ofgreidda styrkupp hæð ber honum að tilkynna sjóðnum mistökin og endurgreiða sjóðnum hina ofgreiddu fjárhæð.

f) Upplýsingar til skattfirvalda:

Í byrjun hvers árs sendir SFHA upplýsingar til skattfirvalda þar sem gerð er grein fyrir styrkþegum og styrkupp hæðum fyrra árs.

g) Úthlutun styrkja er með þeim fyrirvara að nægir fjármunir séu til ráðstöfunar í sjóðnum hverju sinni.

2.4 Hlé eða rof á sjóðsaðild

a) Fæðingarorlof:

Aðildarrof í fæðingarorlofi skerðir ekki möguleika á styrk enda sé félagsgjald greitt á orlofstímabili.

b) Launalaust leyfi:

Ekki er unnt að sækja um styrk í launalausum leyfi.

c) Atvinnuleysi:

Við atvinnumissi halda félagsmenn réttindum í allt að 12 mánuði enda sé félagsgjald greitt á tímabilinu.

3. Stofnanir

3.1 Aðild að SFHA

Fullgild aðild að Starfsþróunarsjóði Félags háskólakennara á Akureyri hefur Háskólinn á Akureyri og stofnanir tengdar honum og greiða iðngjöld til sjóðsins vegna félagsmanna Félags háskólakennara á Akureyri sem þar starfa.

3.2 Styrkhæf verkefni

Verkefni þurfa að falla að markmiðum stofnunar í starfsþróunarmálum og taka til starfsmanna sem iðngjöld eru greidd fyrir til SFHA. Starfsþróunarsjóður Félags háskólakennara á Akureyri styrkir eftirfarandi.

a) Starfsþróunaráætlanir

Að koma upp virku ferli við gerð starfsþróunaráætlana innan stofnunar

b) Verkefni sem byggja á starfsþróunaráætlunum

Styrkir eru veittir til stofnana til að setja upp skilgreint verklag í mannauðsmálum sbr. eftirfarandi flokka í handbók Kjara- og mannauðssýslu ríkisins.

- i. Starfsmannastefna
- ii. Mannaflagreining og mannaflaspá

- iii. Starfsgreining, hæfni og starfslýsing
- iv. Starfsmannasamtal og mat á frammistöðu
- v. Starfsþróun
- vi. Mannauðsmælikvarðar
- vii. Teymisvinna

Ekki eru styrkt verkefni sem eru hluti af reglubundinni starfsemi stofnunnar heldur þarf að vera um nýbreytni og nýsköpun að ræða.

3.3 Styrkfjárhæð

Stjórn ákvarðar hvaða fjármagni verði veitt í styrki til stofnana í samræmi við áherslur stjórnar hverju sinni.

3.4 Umsóknareyðublað

Sótt eru um á sérstöku eyðublaði á heimasíðu Félags háskólakennara á Akureyri www.fha.is.

4. Málskotsréttur

Ef sjóðfélagi er ósáttur við afgreiðslu sjóðsins á styrkumsókn sinni og fylgigögnum á hann ávallt rétt á að vísa erindi sínu á ný til stjórnar sjóðsins. Verður afgreiðslan þá tekin upp á næsta fundi stjórnar.

5. Gildistökuákvæði

Reglur þessar eru samþykktar í stjórn sjóðsins 12. desember 2017 og taka þegar gildi.

F.h. Stjórnar Starfsþróunarsjóðs Félags háskólakennara á Akureyri

Gunnauður Kr. Óskarsson
Audbjörg Brú
Sigrún Lóa Kristjánsdóttir
Sædu Gunnarsson